

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 5. nóvember 2007 í máli nr. S-1020/2007:

Ákærvaldið

(Hulda Elsa Björgvinsdóttir fulltrúi)

gegn

Guðjóni Arngrími Jónssyni

(Bragi Björnsson hdl.)

Jóhannesi Arnari Rúnarssyni

(Ingimar Ingimarsson hdl.)

Dóru Björk Aðalsteinsdóttur

(Bragi Björnsson hdl.)

Ár 2007, mánudaginn 5. nóvember, er dómþing Héraðsdóms Reykjavíkur háð í Dómhúsinu við Lækjartorg af Jónasi Jóhannssyni héraðsdómara og dómur kveðinn upp í máli nr. S-1020/2007: Ákærvaldið gegn Guðjóni Arngrími Jónssyni, Jóhannesi Arnari Rúnarssyni og Dóru Björk Aðalsteinsdóttur, sem dómtekið var 1. nóvember síðastliðinn.

Ríkissaksóknari höfðaði málið með ákæru útgefinni 2. ágúst 2007 á hendur Guðjóni Arngrími Jónssyni, kt. 000000-0000, Laugarnesvegi 102, Reykjavík, Jóhannesi Arnari Rúnarssyni, kt. 000000-0000, Brekkustíg 6, Reykjanesbæ og Dóru Björk Aðalsteinsdóttur, kt. 000000-0000, Logafold 77, Reykjavík, til refsingar fyrir peningafals samkvæmt 151. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með áorðnum breytingum, með því að hafa „mánudaginn 23. apríl 2007, í verslun Bónuss í Holtagörðum, Reykjavík, sett í umferð 12 þúsund króna seðla og 37 fimm hundruð króna seðla sem þau vissu að voru falsaðir, eins og hér greinir:

1. Ákærði Guðjón Arngrímur, afhent meðákærða Jóhannesi Arnari fölsuðu peningaseðlana, gefið meðákærðu Dóru Björk, sem þá starfaði við sjóðsvél í verslun Bónuss í Holtagörðum, fyrirmæli um að taka við þeim seðlum úr hendi meðákærða Jóhannesar Arnars og skipta þeim í ófalsaða peningaseðla.
2. Ákærði Jóhannes Arnar, tekið við fölsuðu peningaseðlunum úr hendi meðákærða Guðjóns Arngríms, afhent meðákærðu Dóru Björk seðlana og tekið í

staðinn við ófölsuðum peningaseðlum sem hann afhenti meðákærða Guðjóni Arngrími.

3. Ákærða Dóra Björk, tekið við fölsuðu peningaseðlunum úr hendi meðákærða Jóhannesar Arnars og í staðinn afhent honum ófalsaða peningaseðla úr sjóðsvél verslunarinnar, alls krónur 30.500.“

Ákærðu Guðjón Arngrímur og Dóra Björk játa sök og krefjast þess að refsing verði felld niður eða refsiaðkvörðun frestað skilorðsbundið, en að því frágengnu verði þeim gerð vægasta refsing sem lög leyfa og hún bundin skilorði. Ákærði Jóhannes Arnar neitar sök og krefst sýknu, en ellegar vægustu refsingar sem lög leyfa og að hún verði skilorðsbundin.

I.

Þriðjudaginn 24. apríl síðastliðinn fór Benedikt Arnarson öryggisfulltrúi hjá Bónus verslanakeðjunni á lögreglustöð og kærði peningafals. Jafnframt lagði hann fyrir lögreglu 12 eftirlíkingar af eitt þúsund króna seðlum og 37 af fimm hundruð króna seðlum, sem hafði verið komið fyrir í peningaskáp Bónuss við Holtagarða. Með kærinni fylgdu upptökur úr eftirlitsmyndavélakerfi verslunarinnar, sem sýna ákærðu Guðjón Arngrím og Jóhannes Arnar fyrir utan búðina skömmu fyrir lokun kl. 18:30 mánudaginn 23. apríl, þann fyrrnefnda rýna í peningaseðil, þá báða hverfa frá, ákærða Jóhannes Arnar því næst fara inn í Bónus og meðákærða hverfa á brott, ákærða ganga að einum fjögurra afgreiðslukassa, sem í gangi voru og biða þjónustu meðákærðu Dóru Bjarkar, hana afgreiða viðskiptavin, víkja að því búnu frá kassanum í nokkrar sekúndur, snúa til baka og vera að tala í farsíma, ákærða þá vera næsta viðskiptavin, hann líta í kringum sig og taka samanvöðlað seðlabúnt upp úr buxnavasa, rétta meðákærðu seðlabúntið, hana telja seðlana í miklum fljótheitum, því næst afhenda ákærða aðra seðla, hinna í stað, ákærða hverfa frá og meðákærðu fylgja honum strax á eftir út úr búðinni. Nokkrum mínútum síðar snýr meðákærða til baka og sést loka sjóðvélinni. Í framhaldi færði hún fölsuðu seðlana úr eigin peningaskúffu yfir í skúffu Gustavo starfsfélaga síns og kom báðum skúffum fyrir í peningaskáp í uppgjörsherbergi verslunarinnar.

Eftir því sem næst verður komist fékk ákærða Dóra Björk bakþanka að kvöldi mánudagsins og greindi yfirmanni sínum og vinkonu, Árnýju Ósk Daðadóttur, frá því að fyrrnefndur „Gústi“ hefði tekið við hinum fölsuðu peningaseðlum úr hendi „Gauja“, fyrrum starfsmanns verslunarinnar og félaga hans. Vildi ákærða að Árný Ósk, sem sá um uppgjör allra sjóðvéla, myndi skipta hinum fölsku seðlum út fyrir aðra ófalsaða úr varasjóði búðarinnar, á meðan ákærða útvegaði fé til að skila inn í uppgjórið. Mun ákærða hafa áréttað sömu bón í símtali við Árnýju Ósk að morgni þriðjudagsins 24. apríl, þá er Árný Ósk var að sinna uppgjörinu, hún synjað um greiðann, tekið fölsuðu seðlana úr peningaskúffu Gustavo og fært þá í hendur Halldórs Gunnlaugssonar verslunarstjóra, sem fól öryggisfulltrúa að kæra málið til lögreglu. Í framhaldi hringdi Halldór í ákærðu Dóru Björk og hélt henni reiðilestur, enda komið í ljós að hún hefði sjálf tekið við hinum fölsku seðlum. Í kjölfar þessa mun ákærða hafa tekið út 30.000 krónur af bankareikningi sínum og afhent meðákærða Guðjóni Arngrími, sem hringdi í Halldór að kvöldi þriðjudagsins, mælti sér mót við hann á heimili foreldra Halldórs, afhenti honum peningana og lét þess getið að þetta ætti ekki að bitna á meðákærðu Dóru Björk og starfi hennar hjá Bónus. Árný Ósk og Halldór komu fyrir dóm og báru um framangreinda aðkomu

sína að málinu, en áður höfðu þau gefið skýrslu hjá lögreglu dagana 25. og 26. apríl.

II.

Ákærðu Dóra Björk og Guðjón Arngrímur voru handtekin 25. apríl og færð til yfir heyrslu á lögreglustöð. Þar játaði ákærða aðild sína að málinu, greindi frá því að meðákærði Guðjón Arngrímur hefði hringt í hana og beðið hana að skipta fölsuðum peningaseðlum, hún látið tilleiðast eftir fortölur hans, meðákærði Jóhannes Arnar komið inn í búðina skömmu síðar, afhent henni seðlana og fengið 6 fimm þúsund króna seðla í staðinn. Í framhaldi hefði ákærða fært fölsuðu seðlana yfir í peningaskúffu Gustavo, hún ætlað að setja þá aftur í sína skúffu, en ekki haft næði til þess. Ákærða sagðist full iðrunar og eftirsjár vegna þessa uppátækis og vildi koma á framfæri afsökunarbeiðni gagnvart verslunarstjóra Bónus, en þar hefði hún starfað í nær þrjú ár og aldrei borið skugga á störf hennar. Við yfirheyrslu 30. apríl gat ákærða þess að meðákærði Guðjón Arngrímur hefði sagt henni í nefndu símtali að félagi hans væri á leið inn í búðina með 30.000 krónur. Hún hefði reynt að telja fölsuðu seðlana, en verið stressuð og að lokum afhent manningnum, sem hún kallaði „Adda“, 6 fimm þúsund króna seðla.

Ákærði Guðjón Arngrímur neitaði aðild að málinu við yfirheyrslu 25. apríl, kvaðst ekki hafa farið í Holtagarða páliðinn mánudag og þrætti fyrir að hafa hitt Halldór Gunnlaugsson verslunarstjóra Bónuss að kvöldi þriðjudagsins, þrátt fyrir að ákærða væri kynntur framburður Halldórs um hið gagnstæða. Í kjölfar þessa sætti ákærði gæsluvarðhaldi frá 26. apríl til 4. maí. Við yfirheyrslu 27. apríl breytti ákærði framburði sínum og kvaðst hafa verið í Austurstræti milli kl. 03 og 04 aðfaranótt sunnudagsins 22. apríl, hitt þar náunga, sem hefði falast eftir fíkniefnum, ákærði látið hann hafa þrjú grömm af amfetamíni og fengið í staðinn 28.500 krónur í þúsund og fimm hundruð króna seðlum. Ákærði kvaðst hafa verið „á sýru“ þegar viðskiptin fóru fram og ekki áttað sig á því að seðlarnir væru falsaðir fyrr en sólarhring síðar. Í framhaldi hefði hann beðið meðákærðu Dóru Björk að skipta hinum fölsku seðlum fyrir ófalsaða, mælt sér mót við meðákærða Jóhannes Arnar fyrir utan umrædda Bónusverslun, laust fyrir lokun kl. 18:30 á mánudeginum, ákærði talið þar 28.500 krónur í fölskum seðlum, afhent þá meðákærða, sem hefði farið inn og skipt seðlunum, án þess að vita að þeir væru falsaðir, en áður hefði ákærði sagt að hann vildi ekki fara sjálfur inn í búðina því að hann hefði nýlega verið rekinn úr starfi þar. Ákærði hefði í kjölfarið hringt í meðákærðu og sagt henni að meðákærði væri á leið í röðina við kassa hennar. Ákærði kvað meðákærðu hafa hringt daginn eftir, sagt að hún væri með 30.000 krónur, vildi skila peningunum og ekki missa vinnuna, en í framhaldi hefði ákærði komið fénu í hendur Halldórs verslunarstjóra.

Ákærði Jóhannes Arnar var yfirheyrður 28. apríl. Hann kvað minni sitt skert sökum fíkniefnaneyslu, en staðfesti að hafa hitt meðákærða Guðjón Arngrím fyrir utan nefnda Bónusverslun, sagði meðákærða hafa afhent honum bunt af eitt þúsund króna og fimm hundruð króna peningaseðlum, sagt að um 30.000 krónur væri að tefla og beðið ákærða að fara inn í búðina og skipta peningunum. Ákærði hefði játt því, án þess að velta fyrir sér ástæðunni, farið inn og að afgreiðslukassa hjá stúlku, grunlaus að um falska peningaseðla væri að ræða, beðið hana að skipta fénu í fimm þúsund króna seðla, ákærði því næst gengið út, stúlkan labbað með honum og ákærði afhent meðákærða féð.

Halldór Rósmundur Guðjónsson rannsóknarlögreglumaður tók 49 falska peninga seðla úr Bónusversluninni til rannsókna. Í skýrslu Halldórs, sem hann staðfesti fyrir dómi, kemur fram að á seðlana hafi vantað vatnsmerki og öryggisþráð, en auk greindra annmarka hafi vantað á þá tiltekið örletur og fleiri fölsunarþættir greinst við skoðun með útfjólubláu ljósi. Loks hafi stærð seðlanna skeikað um nokkra millimetra samanborið við ófalsaðan gjaldmiðil. Halldór bar að vöntun á vatnsmerki væri augsýnilegt ef seðlarnir væru bornir upp að ljósi, nefndi að seðlarnir væru öðruvísi viðkomu en ófalsaðir seðlar vegna ólíkrar pappírsgerðar og bætti því við að augljóst væri „öllum þeim sem sýna þessu einhverja athygli“ að seðlarnir væru falsaðir.

III.

Fyrir dómi játaði ákærði Guðjón Arngrímur sök. Hann kvaðst hafa verið staddur í Austurstræti aðfaranótt sunnudagsins 22. apríl þegar ókunnur maður hefði falast eftir fíkniefnum, ákærði látið þau í té og þegið fyrir 28.500 krónur í eitt þúsund króna og fimm hundruð króna seðlum, sem ákærði hefði talið á staðnum, en sagði mögulegt að hann hefði mistalið, enda verið „á sýru“ um nóttina. Ákærði bar að hann hefði svo áttað sig á því að kvöldi sunnudagsins að seðlarnir væru falsaðir, hann hitt meðákærðu Dóru Björk sama kvöld og sýnt henni seðlana. Daginn eftir hefði hann hringt í meðákærðu, á meðan hún hefði verið að vinna í nefndri Bónusverslun, ákærði spurt hvort hún gæti skipt seðlunum og hún fallist á það. Í framhaldi hefði ákærði hringt í meðákærða Jóhannes Arnar og beðið hann að hitta sig við Holtagarða. Þar hefði ákærði talið seðlana öðru sinni, nývaknaður eftir langt djamm, haldið þá vera andvirði 28.500 króna, afhent meðákærða seðlana, án þess að minnst á fölsun, beðið hann að fara inn í Bónus, fara þar að afgreiðslukassa hjá meðákærðu Dóru Björk og biðja hana að skipta seðlunum í fimm þúsund króna seðla. Ákærði kvaðst í sama mund hafa hringt í meðákærðu og látið hana vita að meðákærði væri á leið inn í búðina. Ákærði gat þess að þegar víman hefði runnið af honum á mánudeginum hefði hann áttað sig á þeirri forheimsku að setja falsaða peningaseðla í umferð og í samráði við meðákærðu Dóru Björk reynt að bæta fyrir framferðið með því að greiða Halldóri verslunarstjóra 30.000 krónur, í þeirri von að málið væri þar með úr sögunni.

Ákærða Dóra Björk játaði sök fyrir dómi. Hún kvaðst hafa vitað að umræddir peningaseðlar væru falsaðir þegar meðákærði Jóhannes Arnar hefði komið inn í títt nefnda Bónusverslun, enda hefði meðákærði Guðjón Arngrímur áður hringt í hana, sagt henni frá því, spurt hvort hún væri reiðubúin að skipta „fölsuðum seðlum“ og hún sagt „bara já“. Í framhaldi hefði meðákærði Jóhannes Arnar komið inn í búðina, beðið hana að skipta seðlum, hún tekið við þeim og reynt að telja, en ávallt ruglast og meðákærði þá sagt að hann væri með 30.000 krónur og hún látið hann hafa sömu fjárhæð í fimm þúsund króna seðlum. Í kjölfar viðskiptanna hefði ákærða farið út, hitt meðákærða Guðjón Arngrím og hann sagt að „ekkert vesen“ myndi af þessu leiða. Í framhaldi hefði ákærða snúið til baka, sett fölsku seðlana í peningaskúffu „Gústa“, fengið samviskubit vegna þessa alls og reynt að koma seðlunum aftur yfir í eigin skúffu, en ekki getað það vegna nálægðar annarra starfs manna. Sama kvöld hefði hún rætt við Árnýju Ósk, bestu vinkonu sína og beðið hana um aðstoð við að skipta út hinum fölsku seðlum, daginn eftir farið í banka og hækkað yfirdrátt sinn til að geta nálgast 30.000 krónur, fengið þær meðákærða Guðjóni Arngrími í hendur og hann afhent Halldóri verslunarstjóra Bónuss. Ákærða

hefði engu síður verið rekin úr starfi.

Ákærði Jóhannes Arnar neitaði sök. Hann kvaðst hafa verið í Hafnarfirði þegar meðákærði Guðjón Arngrímur hefði hringt og beðið hann að hitta sig við Holtagarða. Er þangað kom hefði meðákærði spurt hvort ákærði vildi ekki „hoppa inn“ í Bónusverslunina og skipta fyrir hann peningum. Ákærði hefði játt því og ekki fundist það tiltökumál, meðákærði talið eitt þúsund króna og fimm hundruð króna peningaseðla fyrir utan búðina, sagt um 30.000 krónur að ræða og bent honum á að fara á afgreiðslukassa hjá meðákærðu Dóru Björk. Ákærða hefði ekki fundist neitt óeðlilegt við það, hann kannast eilítið við stúlkuna, tekið við seðlunum, án þess að skoða þá og farið inn í búðina. Í sömu andrá hefði meðákærði hringt í einhvern úr farsíma sínum. Að sögn ákærða hefði hann farið að kassa meðákærðu, sagt „hæ“ við hana, spurt hvort hún gæti skipt peningum, rétt henni seðlabúntið, fengið aðra seðla í staðinn, farið með þá út og afhent meðákærða. Í framhaldi hefði ákærði farið að kaupa bensín á bifreið sína og því vissi hann ekki hvað meðákærðu fór á milli fyrir utan Bónus. Ákærði staðhæfði að ekki hefði hvarflað að honum að umræddir peningaseðlar væru falsaðir og sagðist fyrst hafa heyrt að svo væri við yfirheyrslu hjá lögreglu. Hann kvaðst ekki hafa notið ávinnings af greiðaseminni við meðákærða, sagðist ekki hafa þurft að vita um ástæðu að baki henni, enda þeir verið miklir félagar á greindum tíma og hefði ákærði vitað um brottrekstur meðákærða úr starfi í búðinni. Hann hefði því talið að sú gæti verið skýringin á beiðni meðákærða um aðstoð við seðlaskiptin.

IV.

Samkvæmt fyrri málslið 151. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 skal hver sá, sem lætur úti peninga, sem hann veit að eru falsaðir, sæta fangelsi allt að tólf árum. Hafi viðkomandi haldið að peningarnir væru ósviknir, þegar hann fékk þá í hendur, má beita fangelsi allt að einu ári eða sektum samkvæmt seinni málslið sömu laga greinar, sbr. 69. gr. laga nr. 82/1998.

Ákærðu er gefið að sök peningafals samkvæmt téðri lagagrein, með því að hafa, mánudaginn 23. apríl 2007, sett í umferð í verslun Bónuss við Holtagarða 30.500 krónur, í 12 eitt þúsund króna seðlum og 37 fimm hundruð króna seðlum, „sem þau vissu að voru falsaðir“, svo sem nánar greinir í ákæru.

Ákærði Guðjón Arngrímur hefur játað sök fyrir sitt leyti, en borið því við að hann hafi fengið sömu seðla í hendur við sölu fikniefna í miðbæ Reykjavíkur aðfaranótt sunnudagsins 22. apríl, verið í fikniefnavímu á greindum tíma og ekki áttað sig á því að seðlarnir væru falsaðir fyrr en á sunnudagskvöldi. Ákærði heldur því og fram að seðlarnir hafi numið 28.500 krónum. Fyrir liggur að meðákærða Dóra Björk tók við seðlabúnti úr hendi meðákærða Jóhannesar Arnars laust fyrir lokun Bónuss verslunarinnar umræddan mánudag, setti það í peningaskúffu eigin sjóðvélar, færði búntið yfir í skúffu Gustavo starfsfélaga síns, kom henni fyrir í læstum peningaskáp og sagði Árnýju Ósk yfirmanni sínum frá athæfinu sama kvöld. Morguninn eftir tók Árný Ósk seðlana, sem hún bar fyrir dómi að hefðu greinilega verið falsaðir, afhenti þá verslunarstjóra, sem kom þeim í hendur öryggis fulltrúa, sem kærði málið til lögreglu samdægurs og afhenti þá 12 eitt þúsund króna seðla og 37 fimm hundruð króna seðla, sem liggja frammi í málinu. Þúsund króna seðlarnir eru sömu stærðar og gerðar og bera allir númerið E28169993. Þá eru 34 fimm hundruð króna seðlar, sömu stærðar og gerðar, sem allir bera númerið

D22074590 og 3 seðlar, sömu stærðar og gerðar, sem bera númerið D19990092.

Í ljósi framanritaðs er ekkert fram komið í málinu, sem gefur haldbært tilefni til að ætla að seðlarnir hafi verið færri en 49 þegar ákærði afhenti þá meðákærða Jóhannesi Arnari og fól honum að fara að afgreiðslukassa meðákærðu Dóru Bjarkar og fá þeim skipt í fimm þúsund króna seðla. Fær sú ályktun stoð í þeim framburði meðákærða fyrir dómi að ákærði hafi sagt vera um 30.000 krónur að ræða og framburði meðákærðu um að meðákærði hafi sagst vera með 30.000 krónur þá er skiptin fóru fram. Ber því að leggja til grundvallar þann fjölda seðla, sem tilgreindur er í ákæru, sbr. 45-46. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Á hinn bóginn er ekkert fram komið, sem hnekkir þeim framburði ákærða að hann hafi tekið við umræddum seðlum undir áhrifum vímuefna, grunlaus um að þeir væru falsaðir og hann ekki gert sér grein fyrir því fyrr en að kvöldi 22. apríl. Eru þúsund króna seðlarnir, sér í lagi, þess eðlis að fölsun þeirra getur hæglega dulist við fyrstu sýn. Ber ákærða að njóta skynsamlegs vafa í þessu sambandi, sbr. 45.-46. gr. laganna um meðferð opinberra mála og verður hann því sakfelldur samkvæmt ákæru, en refsing ákveðin með hliðsjón af seinni málslið 151. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærða Dóra Björk hefur játað sök fyrir sitt leyti, greint frá aðild sinni á hrein skilinn hátt fyrir dómi og gengist við því að hafa vitað að peningaseðlarnir væru falsaðir er hún veitti þeim viðtöku úr hendi meðákærða Jóhannesar Arnars og skipti þeim í ófalsaðan gjaldmiðil. Fær sú játning stoð í framburði meðákærða Guðjóns Arngríms og samrýmist öðrum gögnum málsins. Er ákærða því sönn að þeirri hátt semi að hafa sett í umferð falsaða peninga, svo sem henni er gefið að sök í ákæru og verður því sakfelld fyrir brot á fyrri málslið 151. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði Jóhannes Arnar hefur ávallt neitað sök og borið því við að hann hafi hvorki vitað né grunað að umræddir peningaseðlar væru falsaðir er hann tók við þeim úr hendi meðákærða Guðjóns Arngríms og afhenti þá meðákærðu Dóru Björk. Í ljósi þessa framburðar reifaði sækjandi málið við munnlegan málflutning með hliðsjón af því að ætlað brot ákærða gæti eftir atvikum varðað við 152. gr. almennra hegningarlaga, í stað 151. gr., en þar segir í fyrri málslið, að hver sá, sem lætur úti peninga, sem hann hefur grun um að séu falsaðir, skuli sæta fangelsi allt að tveimur árum. Hafi sá hinn sami haldið að peningarnir væru ósviknir, þegar hann fékk þá, megi beita sektum eða jafnvel láta refsingu falla niður ef málsbætur eru fyrir hendi, sbr. seinni málsliður sömu lagagreinar.

Því er áður lýst að meðákærði Guðjón Arngrímur sést á myndupptöku rýna í peningaseðil fyrir utan búðina, að ákærða viðstöddum, áður en hann tók við seðlabúnti frá meðákærða, fór inn í Bónus og þar að afgreiðslukassa meðákærðu Dóru Bjarkar, gagnert samkvæmt fyrirmælum meðákærða, tók búntið upp úr vasa sínum og afhenti meðákærðu. Af framburði meðákærðu og myndupptöku af skiptum peninganna er einsætt að meðákærða taldi ekki hina fölsku seðla áður en hún afhenti ákærða ófalsaða fimm þúsund króna seðla hinna í stað. Í kjölfar þessa gengu ákærði og meðákærða saman út úr búðinni til fundar við meðákærða. Þegar framangreind atriði eru virt heildstætt og litið er til þess laumuspils, sem einkenndi öll samskipti ákærða og meðákærða fyrir utan búðina og þeirra einkar óeðlilegu viðskiptahátta, þá er meðákærða tók við seðlabúntinu, án þess að telja seðlana og afhenti ákærða ósvikið fé þeirra í stað, verður vart dregin önnur haldbær ályktun en sú, að ákærði hafi vitað að hann væri að setja í umferð falsaða peninga. Ákærða ber

engu síður að njóta vafans í þessu sambandi, sbr. 45.-46. gr. laga um meðferð opinberra mála. Að því gættu stendur eftir að ákærði hefði, í ljósi fyrrgreindra atriða, í það minnsta átt að hafa skýrt hugboð um að seðlarnir væru falskir og að hann væri með framvísun þeirra að stuðla að því að falsaður gjaldmiðill væri settur í umferð. Verður hann því sakfelldur fyrir brot á brot á fyrri málslíð 152. gr. almennra hegningarlaga, sbr. heimildarákvæði þar að lútandi í 1. mgr. 117. gr. laganna um meðferð opinberra mála.

V.

Ákærði Guðjón Arngrímur var 21 árs þegar hann framdi umrætt brot. Samkvæmt sakavottorði var hann 2. júní 2004 dæmdur í mánaðar fangelsi, skilorðsbundið tvö ár, fyrir fjársvik og tilraun til fjársvika. Mun ákærði hafa staðist skilorð þess dóms, áður en hann var 25. október síðastliðinn dæmdur í fimm mánaða fangelsi, skilorðsbundið þrjú ár, fyrir tíu skjalafalsbrot framin á tímabilinu frá 2. júní til 17. október 2006, en með þeim náði ákærði ýmist að svíkja út eða reyndi að svíkja út tölvubúnað að andvirði ríflega tveggja milljóna króna. Brotið, sem ákærði er nú sakfelldur fyrir, var framið fyrir uppkvaðningu nefnds skilorðsdóms. Ber því nú að taka upp þann dóm samkvæmt 60. gr. almennra hegningarlaga og ákveða ákærða refsingu í einu lagi fyrir öll brotin, í samræmi við reglur 78. gr. sömu laga. Þegar litið er til aldurs ákærða, játningar hans fyrir dómi, þess að hann bætti fyrir beint fjártjón af peningafalsinu, þess að hann var í mikilli neyslu fíkniefna á brotadegi, þess að hann er nú í fastri vinnu og er hættur vímuefnaneyslu, eftir því sem næst verður komist, er rétt að dæma hann til níu mánaða fangelsisrefsingar, sem eftir sömu atvikum þykir mega binda skilorði, svo sem nánar greinir í dómsorði. Komi til afplánunar refsingarinnar skulu dragast frá henni níu daga gæsluvarðhald ákærða frá 26. apríl til 4. maí 2007, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði Jóhannes Arnar var tvítugur er hann framdi brot sitt. Samkvæmt sakavottorði hlaut hann 6. júní 2003 ákærufrestun, skilorðsbundna tvö ár, fyrir þjófnað. Ákærði stóðst nefnt skilorð. Þykir refsing hans nú hæfilega ákveðin fangelsi í tvo mánuði, sem eftir atvikum verður bundin skilorði eins og nánar greinir í dómsorði.

Ákærða Dóra Björk var 19 ára þegar hún framdi brot sitt. Samkvæmt sakavottorði hefur hún ekki áður orðið uppvís að hegningarlagabroti, en í september 2006 gekkst hún undir sátt vegna fíkniefnavarslna. Ákærðu má virða til vorkunnar að hún lét tilleiðast að fremja brotið fyrir áeggjan meðákærða Guðjóns Arngríms, en að auki má líta til aldurs hennar, greiðrar játningar fyrir dómi og þess að hún útvegaði fé til að bæta fyrir beint tjón af peningafalsinu. Að öllum þessum atriðum gættum þykir refsing hæfilega ákveðin fangelsi í fjóra mánuði, sem eftir atvikum þykir mega skilorðsbinda, svo sem nánar greinir í dómsorði.

VI.

Samkvæmt greindum málsúrslitum og með vísan til 165. og 166. gr. laga um meðferð opinberra mála ber að dæma ákærðu til að greiða sakarkostnað vegna verjanda starfa á rannsóknar- og dómsstigi máls. Ber fyrst að nefna þóknun Braga Björnssonar héraðsdómslögmanns, verjanda ákærða Guðjóns Arngríms á rannsóknarstigi, sem ákærði greiði með 159.200 krónum, að viðbættum 39.004 króna virðisaukaskatti, en annars greiði ákærðu Guðjón Arngrímur og Dóra Björk óskipt málsvarnarlaun sama verjanda fyrir dómi, með 148.800 krónum, sem að viðbættum

virðisaukaskatti gera 185.256 krónur. Þá greiði ákærði Jóhannes Arnar verjanda sínum 148.800 krónur, sem að viðbættum virðisaukaskatti gera 185.256 krónur.

Hulda Elsa Björgvinsdóttir fulltrúi Ríkissaksóknara sótti málið af hálfu ákæru valdsins.

DÓMSORÐ:

Ákærði Guðjón Arngrímur Jónsson sæti fangelsi níu mánuði.

Ákærði Jóhannes Arnar Rúnarsson sæti fangelsi tvo mánuði.

Ákærða Dóra Björk Aðalsteinsdóttir sæti fangelsi fjóra mánuði.

Refsingum ákærðu skal fresta og þær falla niður að liðnum þremur árum frá dóms birtingu haldi ákærðu hvert um sig almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Komi til afplánunar refsingar ákærða Guðjóns Arngríms dregst frá henni níu daga gæsluvarðhald frá 26. apríl til 4. maí 2007.

Ákærði Guðjón Arngrímur greiði 198.204 króna þóknun Braga Björnssonar héraðs dómslögmanns vegna verjandastarfa á rannsóknarstigi máls og óskipt með með ákærðu Dóru Björk 185.256 króna málsvarnarlaun fyrir dómi

Ákærði Jóhannes Arnar greiði 185.256 króna málsvarnarlaun verjanda síns, Ingimars Ingimarssonar héraðsdómslögmanns.

Jónas Jóhannsson